

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata

Skóla- og frístundaráð samþykkir að leggja sérstaka áherslu á vernd barna í viðkvæmri stöðu í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í tengslum við COVID-19 faraldurinn. Þar verði sérstaklega hugað að nemendum með annað móðurmál en íslensku, nemendum í skólaforðun og unglingum í áhættuhegðun. Skóla- og frístundaráð samþykkir að beina því til sviðsstjóra að mótað verði verklag sem tryggir að a.m.k. út þetta skólaár verði fylgst vel með börnum í viðkvæmri stöðu í starfi leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Verklagið verði unnið í samráði við þjónustumiðstöðvarnar. Í verklaginu sé meðal annars lögð áhersla á að undirstrika skólaskyldu í grunnskóla. Sett verði á fót viðbragðsteymi í hverjum borgarhluta sem samhæfi vinnu skóla, skólaþjónustu og frístundamiðstöðvar í málefnum einstakra barna og hópa í viðkomandi borgarhluta. Því til viðbótar verði sett á fót samhæfingarteymi sem hafi yfirsýn yfir málefni barna og unglunga í skóla- og frístundastarfi borgarinnar sem metin eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu vegna áhrifa COVID-19. Í þessu samhæfingarteymi sitji fulltrúar skóla- og frístundasviðs, skólaþjónustu, frístundamiðstöðva, skólastjórnenda og kennara auk fulltrúa skóla- og frístundaráðs og fundi hópurnir vikulega fram til 15. júní 2020. Að þeim tíma loknum verði metið hvort þörf er á framhaldi þeirrar vinnu.

Greinargerð

Viðbúnaður SFS vegna COVID-19

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs kallar eftir ópersónugreinanlegum tölfraeðiupplýsingum til starfseininga skóla- og frístundasviðs og sjálfstætt starfandi leikskóla og grunnskóla vegna COVID-19 Tilgangur þessara kannana er fá upplýsingar um stöðuna á vettvangi hverju sinni vegna stuðnings við starfsstaði, skipulagningar þjónustu og upplýsingagjafar til neyðarstjórnar borgarinnar, almannavarnar, skóla- og frístundaráðs og fjölmiðla.

Borgarvakt og málefni unglunga

Af öðrum viðbúnaði á vegum borgarinnar má nefna að nú stendur yfir undirbúningur að Borgarvaktinni, sem ætlað er að vaka yfir afleiðingum COVID-19 faraldursins á aðstæður og velferð borgarbúa. Skóla – og frístundasvið mun taka þátt í undirbúningi og framkvæmd þess verkefnis og jafnframt tekur sviðið þátt í samstarfi þjónustumiðstöðva, frístundamiðstöðva og barnaverndar um að vaka yfir unglingamálum í borginni. Sá hópur fundar vikulega og hvetur til foreldraröls og leitarstarfs í hverfum borgarinnar. Sérstaklega verður vakað yfir hópamyndun unglunga frá og með 4. maí þegar léttir á samkomubanni.

Staðfest smit, sóttkví og börn í leyfi að ósk foreldra

Frá 31. mars hefur upplýsinga verið aflað tvisvar í viku um fjölda einstaklinga í eftirfarandi flokkum: 1) staðfest smit, 2) sóttkví samkvæmt fyrirmælum sóttvornalæknis/smitrakningateymis, 3) börn í leyfi að ósk foreldra/starfsfólk í sóttkví að eigin ákvörðun, t.d. skv. ráðleggingum læknis d) batnað af C-19.

Niðurstöður kannana eru yfirfarnar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs hverju sinni. Fylgst er með veikindum og fjarveru barna og starfsfólks og stöðu opunar starfseininga. Upplýsingar um börn í leyfi v. C-19 að ósk foreldra eru nauðsynlegar til að fá yfirsýn yfir fjölda barna hverju sinni og þróun eftir tíma. Verið er að samhæfa verklag í Reykjavík til að finna og mæta börnum í viðkvæmri stöðu, svo sem vegna erfiðra félagslegra aðstæðna, af erlendum uppruna og

sérstaklega skal hugað að unglíngum. Tilgangur tillögunnar er ekki síst að finna og styðja börn sem síður mæta í skólann af ýmsum ástæðum og verklagið sem hér liggur til grundvallar er mikilvæg leið í því efni.

Samhæfing verklags

Tillagan felur í sér að skóla- og frístundasvið, í samstarfi við þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs, móti og vinni eftir skýru verklagi til að fylgja eftir börnum sem mæta ekki í leikskóla, grunnskóla og/eða frístundaheimili vegna COVID-19. Um er að ræða þann hóp barna sem er í leyfi að ósk foreldra. Tilgangurinn er að kanna stöðu þess hóps og finna og mæta börnum í viðkvæmri stöðu, svo sem vegna erfiðra félagslegra aðstæðna, barna með annað móðurmál en íslensku, nemenda í skólaforðun og unglínga sem sýna áhættuhegðun. Jafnframt er tilgangurinn að samhæfa verklag og að ná yfirsýn yfir stöðu mála.